

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2022 (til 2024)¹

Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál 3. febrúar 2022

Heiti verkefnisins	Ungmennaping
Númer verkefnis ²	2022-07
Markmið	Markmiðið er að auka tenginu og samvinnu ungmenna í landshlutanum. Sækja í auknum mæli skoðanir og reynslu ungmenna þvert á sveitarfélög, stuðla að því að þau kynnist innbyrðis og að það verði eftirsóknarvert og áhugavert að kynnast stjórnsýslunni og verkefnum SSNE. Það er einnig mikilvægt að fá skilaboð frá ungmennum inn á samráðsvettvang sóknaráætlunar.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Árið 2019 veitti Eyþing styrk til að skapa vettvang ungs fólks á Norðurlandi eystra. Undir því verkefni var haldinn viðburðurinn Ungt fólk og Eyþing 2020. Á þeim viðburði kusu ungmennin um framhaldið og ákveðið var að halda Landsmót SSNE. Ungmennaping var síðan haldið í nóvember 2021 í Mývatnssveit. Verkefni þetta sem nú er sótt um styrk til er áframhald á þeirri góðu vinnu.</p> <p>Halda Ungmennaping árlega. (stemmt er að vorlagi) Öllum sveitarfélögin á starfssvæði SSNE eru þátttakendur, gott samtal er nú innan starfsmanna sveitarfélaganna, en starfsmenn SSNE munu sjá um praktísk atrið með aðstoð frá starfsfólki sveitarfélaganna, einlægur vilji að halda ungmennaping árlega.</p> <p>Verkefnið snýr að því að virkja og styðja við ungmennaráð á svæðinu í heild.</p> <p>Tilgangurinn er að:</p> <ul style="list-style-type: none">• Sveitastjórnir og aðrir starfsmenn sveitarfélaganna sjái hin miklu tækifæri sem felast í öflugum starfi ungmennaráða• Hverja sveitarfélög sem ekki eru með ungmennaráð að huga að slíku.• Finna leiðir til að auka þekkingu og áhuga ungmenna á sínu nærumhverfi.• Skapa samheldni, tengslanet og valdeflingu ungs fólks í landshlutanum.
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Mennta- og barnamálaráðuneyti
Framkvæmdaaðili	SSNE- starfsmenn sveitarfélaganna innan svæðis
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög á starfssvæði SSNE
Tengsl við sóknaráætlun	Þetta fellur vel undir 2 af 3 meginstöðum í sóknaráætlun, atvinnu, nýsköpun og umhverfismál.

¹ Landshlutanum er í sjálfsvald sett til hvers langs tíma áhersluverkefni ná. Ná þau til lengri tíma en eins árs þá eru settir fram fyrirvarar um samþykkt fjárlaga hvers árs.

Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Eitt af meginstefnu heimsmarkmiðanna er samvinna milli ólíkra hagsmunaaðila, þ.á.m. ungmenna, við innleiðingu markmiðanna. Í ljósi þess, og einnig 12. og 13. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveða skýrt á um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif á málefni er þau varða. Þetta tengist eftirfarandi heimsmarkmiðum 3 (Heilsa og vellíðan), 4 (Menntun fyrir alla), 9 (Nýsköpun og uppbygging) 12 (Ábyrg neysla og framleiðsla) 13 (Aðgerðir í loftslagsmálum), 17 (Samvinna um markmiðin).
Árangursmælikvarðar	Send verður könnun til þátttakenda og fá endurgjöf þeirra um gagn og gildi þingsins.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Árlegt ungmennahæing á starfssvæði SSNE Þar sem ungmenni ræða sameiginleg hagsmunamál og kynnast lífi hvers annars, skapa samheldni, tengslanet og umræður. Valdefling ungs fólks á svæðinu og að þeirra rödd heyrir.
Upphaf og lok verkefnis	Verkefnið er framtíðarverkefni en sótt er um fjármagn til þriggja ára.
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	1.800.000 kr (gisting, ferðakostnaður, uppihald, aðstaða og afþreying) Framlag úr sóknaráætlun 1.000.000 Kostnaður sveitarfélaganna á svæðinu 800.000 kr (óstaðfest)
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2022 og á hverju ári eftir það, ef við á)	1.000.000 kr
Mótframlag (ef við á)	Sveitarfélögin á starfssvæði SSNE 800.000 óstaðfest
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Barnasáttmálinn hefur að geyma ýmis grundvallarréttindi og tryggir öllum börnum að 18 ára aldri sérstaka vernd og umönnun. Þar er einnig lögð áhersla á að öll börn eigi rétt á því að vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu og að á þau sé hlustað, þótt þau njóti ekki allra sömu réttinda og fullorðnir.